

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 8. júlí kl. 09:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1214. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson og Edda Þórsdóttir.
Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Aðalstræti 6 - USK25050237

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070177 þannig að skábrautum við opnun milli kjallara húsa nr. 6 og 8 er breytt, tæknirýmum, geymslum og flóttaleið frá húsi nr. 6 er breytt jafnframt því að rýmisnúmer og skráningartafla er uppfærð fyrir hótél í flokki IV tegund á lóð nr. 6 við Aðalstræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 10. september 2024..

Frestað. Lagfæra skráningu.

2. Baldursgata 23 - USK25020301

Sótt er um leyfi til þess að sameina mhl.02 og mhl.70 og fyrir áður gerðum breytingum á núverandi útliti og innra skipulagi vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús á lóð nr. 23 við Baldursgötu.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 14. maí 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

3. Bankastræti 5 - USK25050073

Tilkynnt er framkvæmd sem felst í að komið er fyrir eldhúsi á efri hæð, kælum, frysti og matvælalager inn af setustofu í kjallara því að innra skipulagi er breytt á veitinga- og skemmtistað í flokki II tegund b fyrir alls 160 gesti í rými 0101 í verslunar- og veitingahúsi á lóð nr. 5 við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 8. febrúar 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Brautarholt 6 - USK25050069

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060766, með síðari breytingu USK23110194, vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi í rými 0101 er breytt, skipt er um utanhússklæðningu að hluta og skjólveggjum komið fyrir við svalir á 1. og 2. hæð í skrifstofu- og íbúðarhúsi á lóð nr. 6 við Brautarholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 31. janúar 2023 og 13. febrúar 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

5. Brautarholt 8 - USK25020325

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010170 vegna lokaúttektar á verslun á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 8 við Brautarholt.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

6. Bústaðavegur 81 - USK25060382

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050031 vegna lokaúttektar þannig að byggingarlýsing og kafla um brunavarnir er uppfærður fyrir leikskólann Garðaborg á lóð nr. 81 við Bústaðaveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.

7. Dvergaborgir 8 - USK25030383

Sótt er um heimild til að setja svalalokanir á allar svalir fjölbýlishúss á lóð nr. 8 við Dvergaborgir.

Erindi fylgja fundargerðir húsfundar dags. 23. janúar og 27. febrúar 2025 og samþykki eiganda.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. Einarsnes 36 - USK25050090

Sótt er um leyfi til að breyta notkun, útliti og innra skipulagi og innrétta íbúð í rými 0101 í húsi, mhl.01, á lóð nr. 36 við Einarsnes.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa vegna breytinga á útliti dags. 26. júní 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. febrúar 2020.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar.

9. Eiríksgata 13 - USK24090378

Sótt er um leyfi til að gera björgunarop úr kjallara og breyta skráningu íbúðar í gististað í flokki II, teg. ? í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Eiríksgötu. Erindi fylgir samþykki meðeigenda. Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. nóvember 2024.

Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Eiríksgötu 11, 15 og 17, frá 25. apríl 2025 til og með 26. maí 2025. Athugasemdir bárust.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

10. Eiríksgata 29 - USK24070152

Sótt er um leyfi til að innrétta fjóra gististaði í flokki II, teg x, minna gistiheimili, eitt á hverri hæð, fyrir samtals 28 gesti í fjölbýlishúsi á lóð nr. 29 við Eiríksgötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. janúar sl., fylgir erindi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Engjateigur 3 - USK25060023

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, bæta aðgengi fyrir alla og innrétta snyrtistofu fyrir alls ? gesti og ? starfsmenn í rými 0101 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi við Engjateig 3, mhl.01, á lóð nr. 3 við Engjateig.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 2. júlí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 31. október 2006.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Fálkagata 2 - USK24050293

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, bæta þannig að eldhús er fært inn í stofu, og í staðinn gert herbergi og snyrting auk þess sem bætt er við glugga, björgunaropi, frá eldhúsi út á þak á austurhlið íbúðar 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 2 við Fálkagötu.

Erindi fylgir yfirlýsing frá meðeiganda dags. 25. febrúar 2025, samþykki meðeigenda dags. 4. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 30. júní 1989.

Frestað. Lagfæra skráningu.

13. Grensásvegur 8 - USK25060022

Sótt er um leyfi til að breyta útliti á gluggum, hurðum og skyggnum, samfara endurnýjun á þaki og klæðningu útveggja á verslunar- og skrifstofuhúsi 1, mhl.01, nr.8 á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.

Erindi fylgir fundargerð húsfundar Húsfélags Grensásvegar 8 dags. 25.þ apríl 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 6. nóvember 1980.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. Grófarsel 28 - USK24100081

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suðvesturhlið parhúss sem er mhl. 07, nr. 28 við Grófarsel.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda áritað á uppdrátt.

Stækkun: 14,8 ferm., 40 rúmm.

Eftir stækkun: 248,4 ferm., 748,8 rúmm.

Frestað. Lagfæra skráningu.

15. Hesthamrar 9 - USK25040443

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gerður hefur verið kjallari og bílskýli verið lokað, einnig er sótt um leyfi til að byggja viðbyggingu á austurhlið og koma þar fyrir stiga niður í áður gerðan ósamþykktan kjallara, innrétta íbúð í kjallara og til að byggja sólpall og yfirbyggðar svalir á vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Hesthamra. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí sl., fylgir erindi.

Áður gerð stækkun, kjallari: 179,3 ferm., 448,3 rúmm.

Bílgeymsla, B-rými verður A-rými: 41,9 ferm., 152 rúmm.

Viðbygging: xx ferm., xx rúmm.

Eftir breytingar: 504,5 ferm., 1.676,5 rúmm.

Áður gerður kjallari 179,3 ferm., 448,3 rúmm.

Lögð er fram húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 12. apríl 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. apríl 2021 og 6. september 2022.

Synjað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2025.

16. Hraunberg 12 - USK25060005

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun dagheimilis í frístundaheimili fyrir alls 50 börn og 10 starfsmenn, breyta innra skipulagi, bæta aðgengi og flóttaleiðir með tilliti til algildrar hönnunar og gera nýjan inngang á suðvesturhlið húss á lóð nr. 12 við Hraunberg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 9. júní 1983.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hringbraut 50 - USK25050447

Sótt er um heimild til að byggja reykskýli út gleri undir sem viðbyggingu undir tengigangi, mhl.03, milli Grundar og Litlu Grundar, mhl.01, á lóð nr. 50 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 1. apríl 2003

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

18. Hringbraut Landsp. - USK25040028

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052751 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt, staðsetning svala er breytt á suðurhlið 1.- 3. hæðar auk þess sem breytingar hafa verið gerðar á brunaskilum í Hjúkrunarskólanum við Eiríksgötu 34a, mhl07, á lóð Landspítalans við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hverfisgata 39 - USK25040302

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að í rými 0101 hefur innra skipulagi verið breytt, rýmið stúkað af og innréttuð skrifstofa, sem nú er breytt í snyrtistofu á 1. hæð og í kjallara í verslunar-og sambýlishúsi á lóð nr. 39 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 1. júní 2025, afrit af eignaskiptasamningi samþykktum 13. september 1994 og afrit af aðaluppdrætti samþykktum 8. október 1936.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Háagerði 33 - USK25030160

Sótt er um leyfi til þess að stækka kvist á norðurþekju samfara endurnýjun þakklæðningar, koma fyrir nýjum þakglugga ofan við baðherbergi, stækka glugga á norðurgafli rishæðar og gera nýjan stiga á milli hæða og breyta innra skipulagi á efri hæð í raðhúsi á lóð nr. 33 við Háagerði.

Stækkun: 3.5 ferm., 8.2 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2025, samþykki meðeigenda á teikningu Atríum nr. 001 dags. 18. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 5. ágúst 1954.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Kleifarvegur 14 - USK25040219

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innrétta sem vinnustofu bílskúr, mhl.70. við einbýlishús á lóð nr. 14 við Kleifarveg.

Erindi fylgir umsögn verkfræðistofunnar Teknik dags. 10. júní 2025, greinargerð hönnuðar dags. 10. júní 2025, greinargerð hönnuðar dags. 11. apríl 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 25. október 1956.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Korngarðar 13 - USK25040278

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta fyrir matvælaframleiðslu, lager og vörumóttöku í rými 0103 og koma fyrir útblástursröri á suðausturhlið á lager-og vöruhúsi á lóð nr. 13 við Korngarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 17. desember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. Lambhagavegur 33 - USK25010190

Sótt er um leyfi til þess að byggja 2- 4 hæða skrifstofu- og verslunarhús með bílageymslu á lóð nr. 33 við Lambhagaveg.

Stærð: 5.443.4 ferm., 22.332.8 rúmm.

Nýtingarhlutfall 0.63

Erindi fylgir ódagsett greinargerð um aðgengi, ódagsett greinargerð hönnuðar, minnisblað Lotu verkfræðistofu um brunavarnir dags. 16. janúar 2025, mæliblað 2.645.1 dags. 26. júní 2012 og hæðablað 2-645-1 dags. 2. febrúar 2023.

Frestað. Lagfæra skráningu.

24. Langholtsvegur 114 - USK25050302

Sótt er um leyfi til þess að byggja sólstofu við suðurhlið 1. hæðar og viðbyggingu ofan á núverandi þaksvalir, með svölum til austurs við raðhús nr. 114, mhl.01 á lóð nr. 114-116 við Langholtsveg.

Stækkun xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 13. maí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 10. maí 1990.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

25. Laufásvegur 11 - USK25010042

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að fyrrum heilsugæslu hefur verið breytt í íbúð 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Laufásveg.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 2. júlí 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 2. júlí 2025, skýrsla um húsaskoðun dags. 11. mars 2025, greinargerð hönnuðar dags. 15. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á teikningu c2c1- útg. 1.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Laugavegur 11 - USK25050445

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24100306, með síðari breytingu USK24050065, vegna lokaúttektar, þannig að innra skipulagi er breytt og gestum fjölgað í 55 á veitingarstað í flokki II teg A í rými 0101 á 1. hæð verslunar- og veitingahúss á lóð nr. 11 við Laugaveg.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 27.05.2015 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 3. desember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

27. Nýlendugata 21 - USK23030276

Sótt er um leyfi til þess að sameina matshluta 01 og 02 við Nýlendugötu 21, breyta notkun og innrétta þrjár íbúðir, hækka um eina hæð Nýlendugötu 21a, mhl.02, og reisa sorp- og hjólaskýli í suðvesturhorni lóðar nr. 21 við Nýlendugötu.

Stækkun mhl.01: 74.1 ferm., 222.1 rúmm.

Stækkun mhl.02: 48.8 ferm., - 52.9 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett greinargerð Sei stúdíó á ljósmagn og gólfleti, afrit af greiðslukvittun vegna þinglýsingar lóðabreytinga stimpluð hjá sýslumanni 15. desember 2023, umsögn Minjastofnunar dags. 21. mars 2025, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. mars 2023, minnisblað brunahönnuðar dags. 20. mars 2023 og yfirlit breytinga afriti af eldri samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Nýlendugata 21 - Niðurrif - USK25010219

Sótt er um leyfi til þess að rífa bakhús, mhl.0? vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóð nr. 21 við Nýlendugötu

Magn niðurrifs:

Mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Mhl.03: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 18. febrúar 2025 og hluti úr mæliblaði 1.131.2 dags. 19. september 2024

og áætlun um meðhöndlun úrgang dags. 9. maí 2025.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK23030276. umsókn um uppbyggingu á lóð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Seljavegur 2 - USK25050519

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020073, með síðari breytingu USK24100343, þannig að gluggar eru fjarlægðir á norðurhlið, svalahurðum er breytt og bogaveggur 3. hæðar klæddur að hluta í nyrðsta hluta hótels, mhl.01, í flokki IV, teg. a, með 225 herbergjum fyrir 450 gesti á lóð nr. 2 við Seljaveg.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 28. maí 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 5. maí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 3. desember 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

30. Seljavegur 2 - USK25020371

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að prýða með listaverkinu "Leikur með ljós og skugga" eftir Sigurð Árna Sigurðsson, lyftustokk á norðurhlið hótels, mhl.02, á lóð nr. 2 við Seljaveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

31. Skipholt 44 - USK25060044

Sótt er um leyfi til að breyta og hækka þaki samliggjandi íbúðarhúsa á lóðum nr, 44 og 50 við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Skólavörðustígur 40 - USK24120055

Sótt er um leyfi til þess að breyta eignarhaldi á hluta virkisrýmis og gera geymslu, rými 0402, í eigu íbúðar 0401 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 40 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi á teikningu Zeppelin arkitekta nr. 0104 (G) dags. 7. september 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 18. febrúar 2014.

Frestað. Lagfæra skráningu.

33. Skútuvogur 8 - USK25040125

Sótt er um leyf til þess að reisa ljósaskilti, , 4,0mx1.5x0.2m að stærð, við lóðamörk til norðurs á lóð nr. 8 við Skútuvog.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

34. Snorrabraut 29 - USK23040092

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að því að setja svalir, stækka sorpgeymslur og breyta innra skipulagi fyrir 0201,0202 og 0205 og færa geymslur frá íbúðum niður í kjallara í húsi nr. 27-29 við Snorrabraut. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2021 og 28.september 2023. Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags samþykkt 5. september 2024. Erindi fylgir samþykki meðeigenda sem vísar í skjali dags. 29. júní 2023 og 3.feb. 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Snorrabraut 79 - USK23060110

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi og innrétta gistihús í flokki I teg. minna gistiheimili fyrir hámark 10 manns ásamt starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 79 við Snorrabraut.

Erindi fylgir breytt greinargerð hönnunar vegna breytinga á erindislýsingu dags. 10. desember 2024, greinargerð hönnuðar vegna breytingar á umfangi umsóknar dags. 10. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 14. október 1943.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.A

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

36. Suðurgata 35 - USK25040093

Sótt er um leyfi til að endurbyggja (búið er að rífa þær sem áður voru) svalir á suðurhlíð rishæðar einbýlishúss á lóð nr. 35 við Suðurgötu.

Erindi fylgir mæliblað dags. 9. maí 1983 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta dags. 2. nóvember 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Suðurhólar 10 - USK25060256

Sótt er um leyfi til að koma fyrir tímabundið tólf sambyggðum skólastofum, mhl. 02, úr stálgrindareiningum við Hólabrekkuskóla á lóð nr. 10 við Suðurhóla.

Stærð: 1.185,5 ferm., 4.054,4 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Suðurlandsbraut 26 - USK25030382

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, innréttu skrifstofur, nýjan matsal fyrir starfsfólk og fjölga snyrtingum í rýmum 0102 og 0201 í verslunarhúsi á lóð nr. 26 við Suðurlandsbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Suðurlandsbraut 52 - USK25020182

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu verslun með kennslustofu inn af starfsmannaaðstöðu í rými 0101, 0103 og 0104 í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl.04, við Suðurlandsbraut 52 á lóð nr. 46-54 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 4. nóvember 2008.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

40. Suðurlandsbraut 6 - USK25020087

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til þess að breyta notkun og innra skipulagi, innréttu skrifstofur fyrir um 40-50 manns, bæta flóttaleiðir með því að setja svalir og flóttastiga frá 2. hæð, grafa út verönd við suðurhlið, síkka hurð í gólfhæð til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra að flóttaleið frá 1. hæð bakhúss; mhl.04, á lóð nr. 6 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 4. nóvember 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Sæviðarsund 32 - USK25050342

Sótt er um leyfi til þess að stækka stofu með viðbyggingu til suðurs og stækka eldhús með því að minnka þvottahús og fjarlægja sorpgeymslu, einnig er sótt um að stækka eldhúsglugga á norðurhlið raðhúss við Sæviðarsund 32, mhl.04, á lóð nr. 26-32 við Sæviðarsund.

Stækkun: 21.7 ferm., 170.1 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðlóðarhafa með vísan í aðaltekningar dags. 16. maí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 24. september 1964.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

42. Síðumúli 28 - USK25050139

Sótt er um leyfi til að stækka, með því að sameina rými 0201 og 0202, breyta innra skipulagi, bæta við meðferðarherbergjum og móttöku, kírópraktorstöð á 2. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 28 við Síðumúla.

Erindi fylgir umboð eiganda í tölvupóst dags 30. júní 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 16. mars 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Tunguháls 13 - USK25060236

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, skipta um þak og veðurkápu auk þess sem gluggum og hurðum er breytt á slökkvistöð í iðnaðarhúsi á lóð nr. 13 við Tunguháls.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 26. maí 1994.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Tungusel 2 - USK25040072

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir tveimur færanlegum kennslustofum og tengibyggingu sem verður mhl. 02 á lóð nr. 2 við Tungusel

Erindi fylgir mæliblað 4.934.1 dags. 4. október 1993 og greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 12. júní 2025.

Stærð: 204,4 ferm., 761,1 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

45. Tunguvegur 19 - USK25050545

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN052227, með síðari breytingum BN058080 og USK25010129 vegna lokaúttektar á húsi á lóð nr. 19 við Tunguveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 25. júní 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 4. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

46. Varmahlíð 1 - USK25050364

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24100342 þannig að tengigangur er gerður frá forsmíðuðum sýningarsal, mhl. að Perlunni, mhl.01, á lóð nr. 1 við Varmahlíð.

Erindi fylgir viðauki við áður gert samkomulag um tímabundna leigu dags 10. maí 2025, greinargerð Öruggr um brunahönnun viðbyggingar útgáfa V01 dags. 25. maí 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 7. janúar 2025. Hjálagt er einnig afrit af upprunalegu samkomulagi Reykjavíkurborgar og leigutaka um tímabundna staðsetningu sýningarsalar dags. 7. maí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Vatnsstígur 19 - USK25040130

Sótt er um leyfi til þess að sameina og breyta rými 0402 í baðherbergi og stækka þakskála á þaksvölum íbúðar 0301 við Vatnstíg 19, fjölbýlishús, mhl.05 á lóðinni Lin29-33/VAT13-21/Skú12.

Erindi fylgir fundargerð húsfélags dags. 10. mars 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

48. Vesturgata 10 - USK25040153

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun einbýlishúss í atvinnurými í flokki 4, útleiguíbúð, við Vesturgötu 10, mhl.03 á lóðinni Vest. 6-10a/ Tryggv. 18.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 2. júlí 2025 og bréf hönnuðar dags. 8. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

49. Öldugata 59 - USK25030455

Sótt er um leyfi til að stækka kvisti á norðurhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 59 við Öldugötu. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Samanber tölvupóst skipulagsfulltrúa dags. 25. júní sl.

Stækkun: 7,3 ferm., 11,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl.10:00

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**